

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 30. nóvember 2015
UST201510-106/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi í landi Grásteins í Rangárþingi ytra. Bátaaðkoma.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi bátaaðstöðu í landi Grásteins í Rangárþingi ytra.

Skipulagssvæðið


Ofangreind tillaga að deiliskipulagi nær til svæðis sem er 1.200 m² og er úr landi Grásteins. Á svæðinu er gert ráð fyrir aðkomu báta.


Áætlað er að gerð verði grunn vík um 8 x 8 m að stærð, inn í bakka Ytri-Rangár og útbúin lítil sandfjara þar þar sem er hentugt að lenda litlum flatbotna bátum.

Árbakkinn

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætluð vík verði gerð þannig að auðvelt verði að endurheimta bakkann eins og hann er fyrir framkvæmdir. Umhverfisstofnun bendir á að skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram í gr. 5.3.2.14 að þess skuli gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur